

Valur Sveinsson,
Eigna- og skipulagsfulltrúi
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. desember 2012
Tilvísun: UST20121000122/ksj

Deiliskipulag Norðfjarðarvegar og nágrennis að gangnamunna á Eskifirði. Skipulags- og matslýsing

Vísað er til erindis eigna- og skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags nýs vegar er nær frá gangnamunna Norðfjarðargangna Eskifjarðarmegin að Hólmaströnd sem er sunnan Eskifjarðar.

Veghlutinn sem er til umfjöllunar í skipulagslýsingu að deiliskipulagi er 2 km langur og byrjar yst sunnanmegin í firðinum og fer þar yfir leirur á stuttum kafla. Veglinan liggur við golfvöll og varavatnsból Eskifirðinga og endar innst í gangnamunna norðanmegin í Eskifjarðardal. Vegurinn mun þvera Eskifjarðará og eru veiðiréttindi í ánni.

Efni og umfang deiliskipulags

Deiliskipulagssvæðið er 119 ha að stærð, og mun deiliskipulagið taka á eftirfarandi þáttum: Lega Norðfjarðarvegar, stígum og áningarástöðum. Nýrri veggengingu og núverandi golfvallarsvæði í botni Eskifjarðar. Efnislosunarsvæði vestan gangnamunnans þar sem fyrirhugað er að haugsetja 120 – 230 þús. rúmmetra af efni.


Staðhættir og umhverfisaðstæður

Í umfjöllun um staðhætti og umhverfisaðstæður kemur fram að víða eru ófrágengin efnistökusvæði á svæði því er deiliskipulagstillagan nær yfir og nærliggjandi svæðum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að efni sem haugsett verður á efnislosunarsvæði vestan gangnamunnans verði nýtt á vegum sveitarfélagsins sem gefur þá tækifæri til að ganga frá framangreindum ófrágengnum efnistökusvæðum innan sveitarfélagsins.

Lýsing leiðar

Í lýsingu leiðar kemur fram að veglinan liggur í fjöru og út í sjó, um sand – og malarkenndar leirur í botni Eskifjarðar, flæðileirur við ósa Eskifjarðarár og einnig liggur veglinan um

misblautar hallamýrar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í umhverfisskýrslu komi fram rökstuðningur fyrir staðsetningu á svæðum er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 og einnig er mikilvægt að fram komi hvernig besta leið fyrir veglínu er fundin á ofangreindum náttúruminjasvæðum.

Virðingarfyllst

Ádalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun